

# 65. stjórnarfundur Bergrisans bs.

09.11.2023

Staðsetning: fjarfundur á Teams

Fundur hófst klukkan 15:00

**Fundinn sátu:** Ása Valdís Árnadóttir, Bragi Bjarnason, Sandra Sigurðardóttir og Íris Ellertsdóttir sem jafnframt ritar fundargerð. Gestur undir fundarlið eitt og tvö var Steinunn Erla Kolbeinsdóttir og Haraldur L. Haraldsson var gestur undir fundarlið tvö.

## Dagskrá

### 1. Staða samningaviðræðna við Skaftholt ses.

Í gildi er þjónustusamningur við Skaftholt en hann rennur sitt skeið um áramótin 2023/2024. Er Skaftholt í kjölfar þess tímafrests skuldbundið til að veita sjö íbúum þjónustu til áramóta 2024/2025. Í erindi frá Skaftholti kemur fram að stjórn hafi vilja til að þjónusta sjö einstaklinga á árinu 2024 og fimm einstaklinga í kjölfarið, náist samningar um rekstur. Erindi frá Skaftholti er lagt fram til kynningar ásamt minnisblaði frá samráðsfundi Bergrisans og Skaftholts. Lagt er til að leitast verði eftir að ná samningum við Skaftholt um þjónustu við sjö einstaklinga á árinu 2024 og fimm einstaklinga á árunum 2025-2026.

Stjórn Bergrisans samþykkir tillöguna.

### 2. Kröfugerð Sólheima ses.

Kröfugerð Sólheima ses. er lögð fram til kynningar og jafnframt, fyrir hönd stjórnar Bergrisans bs., álit HLH ráðgjafar en ágreiningur er á milli aðila á túlkun greiðsluákvæða gildandi þjónustusamnings á árinu 2023.

Stjórn Bergrisans óskar eftir því að Steinunn Kolbeinsdóttir, lögmaður, svari erindi Sólheima fyrir hönd stjórnar.

Sandra Sigurðardóttir víkur af fundinum.

### 3. Fundargerðir þjónusturáðs

1. Nr. 174 lögð fram til kynningar

Fundi slitið klukkan 16:54

